

Nd.

531. Frumvarp til laga

um viðauka við og breytingar á lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skal:

- a. slysatryggingardeild tryggingarstofnunar ríkisins greiða uppþætur á dagpeninga, dánarbætur og örorkubætur til slysatryggðra manna eða skylduliðs þeirra í samræmi við vísitölu kauplagsnefndar.
- b. hámark framlags ríkissjóðs og sveitarsjóða til sjúkrasamlaga samkv. 1. málsg. 35. gr. hækka í samræmi við vísitölu kauplagsnefndar í lok hvers ársfjórðungs.
- c. lífeyrissjóður Íslands greiða 30% — þrjátíu af hundraði — af heildarupphæð ellilauna og örorkubóta samkv. 2. tölul. 80. gr. laganna.
- d. innheimta iðgjöld til lífeyrissjóðs Íslands samkv. 1. tölul. 49. gr. með viðauka í samræmi við vísitölu kauplagsnefndar 1. apríl það ár, sem gjaldið er á lagt. Gjaldauki, sem nemur minnu en 50 aorum, skal niður felldur, en hækka í krónu, ef hann nemur 50 aorum eða meiru.
- e. tekjuhámark það, sem samkv. 1. málsg. 24. gr. er skilyrði fyrir að njóta sjúkrasamlagshlunninda gegn greiðslu á einföldu iðgjaldi, miðast við umreiknaðar hreinar tekjur, að frádregnum persónufrádrætti, sbr. 2. málsg. a-liðar (55. gr.) 4. gr. laga um breyting á lögum um tekju- og eignarskatt.

2. gr.

Í 2. mgr. 12. gr. laganna falli hirtu orðin „en slíkar breytingar koma ekki til framkvæmda fyrir en með byrjun næsta almanaksárs á eftir.

3. gr.

Lífeyrissjóðsgjald samkv. 2. tölul. 49. gr. skal miðast við hreinar tekjur, að frádregnum persónufrádrætti.

4. gr.

Ríkissjóður endurgreiði lífeyrissjóði Íslands þann hluta af framlagi sjóðsins samkvæmt c-lið 1. gr., sem er umfram $\frac{3}{4}$ hluta af tillagi lífeyrissjóðsins samkv. 79. gr. laganna.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda fyrir allt árið 1941. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 73 7. maí 1940.